

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/67/EB frá 22. nóvember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur, í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0067**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/67/EB frá 22. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 22).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/67/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.